




Mánaðarskýrsla Kópavogsbæjar. Útgefin í desember 2013. Nær til starfsemi í nóvember 2013



Fjármál

	Bókað	Áætlun	Mismunur	%
Tekjur	25.201.124.448	24.678.798.100	522.326.348	102
Gjöld án fjármagnsliða	20.771.093.590	20.411.999.563	359.094.027	102
	Bókað	Áætlun		
Grunnskólar	5.137.799.072	5.111.373.063	26.426.009	101
Leikskólar	2.806.476.677	2.719.359.020	87.117.657	103
Félagsþjónustan	1.479.030.691	1.470.545.174	8.485.517	101
Menningarmál	349.854.031	349.880.553	-26.522	100
Æskulýðs- og íþróttamál	1.805.217.297	1.819.734.816	-14.517.519	99
Sameiginlegur kostnaður	798.368.310	755.044.914	43.323.396	106

Rekstur helstu málaflokka






Fréttir

Nýtt aðalskipulag Kópavogs 2012 til 2024 var samþykkt einróma á fundi bæjarstjórnar í nóvember. Í aðalskipulaginu er sett fram stefna bæjaryfirvalda um byggðaþróun, landnotkun, byggðamynstur og samgöngu- og umhverfismál til ársins 2024. Lögð er m.a. áhersla á þéttingu byggðar en áætlað er að íbúafjöldi bæjarins verði kominn yfir 40 þúsund árið 2024. Miðað er við að fullgerðar verði um 300 íbúðir á ári þangað til.





Sýning um Íslensku teiknibókina var opnuð í Gerðarsafni en Margrét Þórhildur Danadrottning var viðstödd foropnun hennar. Sýningin er samstarfsverkefni Gerðarsafns og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Tilefnið er 350 ára afmæli Árna Magnússonar. Sýningunni lýkur í febrúar.

Umræða um einelti var ofarlega á baugi í Kópavogi í mánuðinum en 8. nóvember gengu fimm þúsund börn og unglingar í öllum skólahverfum bæjarins gegn einelti. Þau báru hvatningarspjöld með ýmsum slagorðum svo sem: Ekki stríða, verum vinir og leikum saman. Tilgangurinn var að vekja athygli á því ofbeldi sem einelti er.







Dagurinn þótti heppnast með eindæmum vel og er stefnt að því að ganga aftur gegn einelti að ári. Síðar í mánuðinum hlýddu starfsmenn Kópavogsbæjar á erindi um einelti á vinnustöðum en rannsóknir sýna að hátt í 10% opinberra starfsmanna upplifa einelti á sínum vinnustöðum.









Velferðarmál









* miðað er við sveitarfélag lögheimilis við skráningu (áður sveitarfélag dvalarstaðar) frá og með nóvember 2013








Ýmsar mælingar





Starfsmannamál



Heildarlaun starfsmanna Kópavogsbæjar eru í milljónum króna. ML04 stendur fyrir útborguð mánaðarlaun 1. apríl. Tölur eru með launatengdum gjöldum.